

Til bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar

Kristján Þór Kristjánsson

forseti bæjarstjórnar

14. apríl 2020

Málefni: Strandveiðar á komandi sumri

## Inngangur

Eftir um þrjár vikur hefjast strandveiðar. Á árinu 2019 stunduðu 623 bátar veiðarnar og réru frá flestum höfnum landsins. Aflaböggð voru ágæt þrátt fyrir miklar ógæftir, alls 10.107 tonn þar af 9.170 tonn þorskur í alls um 16 þúsund sjóferðum. Aflaverðmæti nam 3 milljörðum.

Samkvæmt ákvæði laga um stjórn fiskveiða er heimilt að stunda strandveiðar í 4 mánuði á ári hverju, maí, júní, júlí og ágúst, að hámarki 12 daga í hverjum mánuði. Hver bátur má hafa 4 handfærarúllur til að veiða alls 774 kg af þorski á 14 klukkustundum mælt úr og í höfn. Óheimilt er að stunda veiðar 3 daga í viku föstudaga, laugardaga og sunnudaga, auk rauðra daga. Þessu til viðbótar bætast við náttúrulegar aðstæður, veður og fiskgengd á grunnslóð.

Einn megin kostur strandveiða er að þær gefa hverjum og einum tækifæri til að stunda veiðar í atvinnuskyni án þess að eiga það á hættu að fá ekki árlega heimild til veiða. Með því ákvæði er uppfyllt athugasemd sem Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna gerði við fiskveiðistjórnun hér á landi þann 24. október 2007.

## Strandveiðar í uppnámi vegna COVID-19

LS og svæðisfélög þess hafa á undanförunum dögum verið að kortleggja helstu áhrif sem COVID-19 getur haft á starf smábátæigenda. Eitt af því sem staldrað er við eru strandveiðar. Gera má ráð fyrir að sóttkví, sýking og veikindi geti haft þar áhrif sem koma mun í veg fyrir að hægt verði að stunda veiðar með eðlilegum hætti. Verð er afar ótryggt, ekki síst

þar sem aflinn fer að mestum hluta ferskur á dagvörumarkað og veitingahús. Þrátt fyrir að krónan hafi fallið um 10% gagnvart evru í mars er verð á línuveiddum óslægðum þorski 15%

lægra en það ættilti að vera. Hvað það verður í maí þegar strandveiðar hefjast er ómögulegt að segja, en afar ólíklegt er að verð þá verði viðunandi fyrir útgerð strandveiðibáta.


## Bréf LS til sjávarútvegsráðherra

26. mars sl. sendi LS erindi til Kristjáns Þórs Júlíussonar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra þar sem hann var beðinn að beita sér fyrir breytingu laga um stjórn fiskveiða - ákvæði um strandveiðar. Í stað þess að 48 veiðidagar skiptist jafnt á 4 mánuði verði heimilt að nýta þá á ársgrundvelli frá 1. maí nk. - 30. apríl 2021. Auk þess að aflétta fyrrnefndu banni við að róa 3 daga í viku.


Hluttur Ísafjarðarbæjar í strandveiðum er umtalsverður. Á síðasta ári 850 landanir, afli 487 tonn eða um 5% af heildinni. Fjöldi báta á bak við tölurnar alls 56 í eigu jafnmargra einstaklinga og fyrirtækja. Afli strandveiðibáta er nánast allur seldur gegnum fiskmarkaði. Engum íbúa Ísafjarðarbæjar dylst hversu mikilvægar strandveiðar eru fyrir bæjarfélagið. Þjónusta er keypt, allt iðar að lífi í höfninni, jákvæðni og bros skín úr hverju andliti þegar glansandi ísidrifnum þorskinum er landað.

Hér með er óskað eftir liðsinni frá bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar við erindi Landssambands smábátæigenda við tímabundnum breytingum á reglum um strandveiðar.

Virðingarfyllt



framkvæmdastjóri LS



formaður Eldingar